



Ákvörðun

**Ákvörðun Samgöngustofu nr. 3/2016 um gildistöku reglna um skipan og starfsemi
flugverndarnefnda flugvalla.**

Með vísan til 3. mgr. 70. gr. d, sbr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum hefur Samgöngustofa ákveðið að frá og með 1. október 2016 skuli taka gildi nýjar reglur um skipan og starfsemi flugverndarnefnda flugvalla.

Á sama tíma fellur úr gildi ákvörðun Flugmálastjórnar nr. 3/2003 um gildistöku reglna um skipan og starfsemi flugverndarnefnda flugvalla.

Ákvörðun þessi verður birt í flugmálahandbók.

Reykjavík 9. september 2016



Þórólfur Árnason forstjóri



Reglur

um skipan og starfsemi flugverndarnefnda flugvalla

1. gr.

Á hverjum millilandaflugvelli skal vera starfandi flugverndarnefnd.

2. gr.

Flugverndarnefnd er rekstraraðila flugvallar til ráðuneytis um flugverndaraðgerðir, þróun og framkvæmd flugverndaráætlunar flugvallarins auk aðgerða sem nauðsynlegar eru til að mæta ógn af mannavöldum gagnvart almenningsflugi. Slíkar aðgerðir geta falist í fyrirbyggjandi ráðstöfunum til að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir sem beint er gegn fólk, loftfórum, mannvirkjum og/eða búnaði á flugþjónustusvæðum flugvalla. Flugverndarnefndir eru ennfremur vettvangur umræðna og samhæfingar flugverndarráðstafana á flugvelli.

3. gr.

Flugverndarnefndir skulu m.a. fjalla um:

- a) Innleiðingu á lögum, gildandi reglugerðum um flugvernd og öðrum þjóðréttarlegum kröfum sem tilgreindar eru í flugverndaráætlun viðkomandi flugvallar og Flugverndaráætlun Íslands og tryggja að þeim sé fylgt eftir við framkvæmd flugverndarráðstafana og annarra tengdra ráðstafana;
- b) Gerð og uppfærslu flugverndaráætlunar flugvallarins;
- c) Neyðaráætlun vegna flugverndar til að bregðast við hvers kyns ólögmætum aðgerðum sem beinast að flugi og flugtengdri starfsemi og vera Ríkislöggreglustjóra innan handar við að koma á og viðhalda neyðaráætlun flugvallarins;
- d) Framkvæmd flugverndarráðstafana og annarra öryggisráðstafana á flugvellinum m.a. með hliðsjón af byggingu nýrra mannvirkja, breytingar eldri mannvirkja og öðrum meiriháttar breytingum sem áhrif kunna að hafa á flugverndaráætlun flugvallarins;
- e) Samhæfingu rekstraraðila/starfseininga sem koma beint og óbeint að framkvæmd flugverndar á flugvellinum og samræmingu flugverndarráðstafana;
- f) Svæði, mannvirki og búnað sem nauðsynlegur er til að uppfylla kröfur flugverndar og aðra þætti þeim tengdum;
- g) Menntun og þjálfun starfsmanna vegna flugverndar;
- h) Ráðstafanir sem grípa þarf til ef auka þarf flugverndarráðstafanir vegna breytingar áhættumats;
- i) Niðurstöður úttekta innri og ytri aðila og viðbrögð, sem og skilvirkni innra eftirlits og virkni flugverndarráðstafana með greiningu veikleika o.s.frv.;

Flugverndarráðstafanir flugvallar skulu endurspeglala lágmarks ráðstafanir samkvæmt gildandi kröfum flugverndar hverju sinni og ennfremur taka mið af hættu á hverjum tíma.



4. gr.

Í flugverndarnefnd skulu eiga sæti fulltrúar allra aðila sem hafa flugverndarlegu hlutverki að gegna á flugvellinum. Flugvöllurinn skal tryggja aðkomu allra hagsmunaaðila að nefndinni. Flugverndarstjóri flugvallarins skal gegna formennsku í nefndinni og skal hann skipa í nefndina að tillögu flugrekenda, Ríkislöggreglustjóra, löggreglustjóra í sveitarfélagi flugvallar, fulltrúa afgreiðslu- og þjónustuaðila og Tollgæslunnar. Nefndin skal setja sér nánari verklagsreglur.

Auk fastra fulltrúa má bjóða öðrum þáttöku á fundum nefndarinnar eftir þörfum til að tryggja sérþekkingu og reynslu við umfjöllun mála.

5. gr.

Fundi í flugverndarnefndum skal halda svo oft sem þurfa þykir, en eigi sjaldnar en tvísvar á ári. Fundargerðir skulu sendar bæði aðal- og varamönnum nefndarinnar.

6. gr.

Nefndarmönnum er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu í nefndinni og leynt skal fara að lögum, eðli málsins samkvæmt eða samkvæmt sérstakri ákvörðun nefndarinnar.

Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

7. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til d-liðar 3. mgr. 70. gr., sbr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum. Reglur þessar taka gildi 1. október 2016.

Reykjavík 9. september 2016


Þórólfur Árhason forstjóri